

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Páli Val Björnssyni um fatlaða nemendur í framhaldsskólum.

1. *Liggja fyrir tölulegar upplýsingar um það hve margir nemendur, sem skilgreindir eru með skerðingar í grunnskóla, ljúka framhaldsskólanámi samanborið við aðra nemendur?*

Upplýsingar um nemendur sem skilgreindir eru með skerðingar í grunnskóla eru ekki færðar skipulega til framhaldsskóla, enda kveða lög á um að slíkar upplýsingar megi ekki senda úr grunnskólum nema með samþykki hlutaðeigandi og forráðamanna, sbr. reglugerð um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólahald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur, nr. 235/2012, og reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum, nr. 230/2012, sem settar eru með stöð í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Það er því á ábyrgð forráðamanna að koma slíkum upplýsingum til skila. Framhaldsskólar skrá ekki skipulega upplýsingar um nemendur með sérþarfir. Nemendur á starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur í framhaldsskólum eru sérstaklega skráðir á þær brautir og upplýsingar eru aðgengilegar hjá hverjum skóla fyrir sig. Þeim upplýsingum er ekki safnað á miðlægan hátt á vegum ráðuneytisins.

2. *Hvernig hefur því fjármagni sem úthlutað er til framhaldsskóla verið skipt milli fatlaðra nemenda á starfsbrautum og fatlaðra nemenda sem sækja nám á öðrum brautum en starfsbrautum, t.d. bóknámsbrautum?*

Fjármagni vegna þjónustu við fatlaða nemendur í framhaldsskólum er úthlutað á grundvelli upplýsinga sem framhaldsskólar senda ráðuneytinu tvisvar á ári samkvæmt beiðni. Framhaldsskólar fá því úthlutað fjármagni fyrir alla fatlaða nemendur á starfsbrautum og öðrum brautum framhaldsskóla á sama grundvelli.

3. *Á grundvelli hvaða þátta er sérstöku fjármagni vegna fatlaðra nemenda úthlutað framhaldsskólum?*

Ráðuneytið lætur framhaldsskólum í té viðmiðunarflokka fyrir sérkennslu og þjónustu vegna athafna daglegs lífs. Framhaldsskólar meta þjónustupörf nemenda út frá þeim viðmiðum og senda ráðuneytinu tvisvar á ári.

4. *Hvað hefur verið gert til þess að stuðla að samfelli í þjónustu við fatlaða framhaldsskólanemendur sem þurfa mikla persónulega aðstoð á skólatíma?*

Framhaldsskólar veita þjónustu við fatlaða nemendur m.a. á grundvelli reglugerðar um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum, nr. 230/2012. Stuðst er við upplýsingar um fyrri þjónustu í grunnskólum og fer fram reglulegt endurmat á þörf fyrir stuðning svo oft sem þurfa þykir í samráði við forráðamenn. Gerð er einstaklingsáætlun fyrir nemendur á starfs-

brautum og eftir atvikum fyrir nemendur á öðrum námsbrautum. Stoðkerfi skóla ber ábyrgð á að stuðningur sé veittur og skólar gera grein fyrir stuðningi við nemendur í skólanámskrám sínum.

5. Hefur hafist formlegt samtal um samvinnu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að kostnaðarþátttöku ríkisins í NPA-samningum framhaldsskólanema á skólatíma?

Ekki hefur farið fram formlegt samtal milli ráðuneytisins og sveitarfélaga um kostnaðarþátttöku ráðuneytisins í NPA-samningum fyrir framhaldsskólanemendur.